

LÖG

um kvikmyndamál.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kvikmyndasjóður Íslands starfar undir sérstakri stjórn. Menntamálaráðuneytið fer með yfirstjórn hans.

2. gr.

Verkefni Kvikmyndasjóðs eru m. a. þessi:

1. Úthlutun styrkja og lána til íslenskrar kvikmyndagerðar, óháð því hvaða tækni er notuð við myndgerðina. Með íslenskri kvikmyndagerð er átt við verkefni þar sem íslenskir aðilar hafa forræði.
2. Aðgerðir til að efla kvikmyndamenningu á Íslandi.
3. Öflun og útgáfa upplýsinga um íslenskar kvikmyndir.
4. Kynning á íslenskum kvikmyndum erlendis í samvinnu við íslenska kvikmyndaframleiðendur á kvikmyndahátíðum og öðrum vettvangi.
5. Rekstur Kvikmyndasafns Íslands.

3. gr.

Menntamálaráðherra skipar sjóðnum fimm manna stjórn til þriggja ára í senn. Skal formaður skipaður án tilnefningar, en hinir fjórir samkvæmt tilnefningum eftirtalinna aðila: Félags kvikmyndagerðarmanna, Sambands íslenskra kvikmyndaframleiðenda, Félags kvikmyndahúsaeygenda og Bandalags íslenskra listamanna.

Pegar fjallað er um málefni Kvikmyndasafns skulu auk þess stjórnarmenn tilnefndir af Þjóðminjasafni Íslands og Námsgagnastofnun taka þátt í stjórnarstörfum.

4. gr.

Menntamálaráðherra ræður framkvæmdastjóra sjóðsins að fengnum tillögum sjóðsstjórnar. Annað starfsfólk ræður framkvæmdastjóri í samráði við stjórnina og eftir því sem fjárveitingar leyfa.

5. gr.

Tekjur Kvikmyndasjóðs eru:

1. Árlegt framlag úr ríkissjóði er nemi áætluðum söluskatti af kvikmyndasýningum í landinu. Áætlun þessi skal gerð af Hagstofu Íslands.
2. Vaxtatekjur.
3. Aðrar tekjur.

Kvikmyndasjóður Íslands tekur við tekjum og eignum Kvikmyndasjóðs samkvæmt lögum nr. 14/1978.

6. gr.

Úthlutun úr Kvikmyndasjóði annast þriggja manna nefnd, kosin af stjórn sjóðsins, og mega nefndarmenn ekki eiga hagsmuna að gæta við úthlutunina. Nefndarmenn skulu kosnir árlega og nánari reglur settar um kosningu þeirra og starfssvið í reglugerð.

7. gr.

Kvikmyndasafn Íslands starfar innan vébanda Kvikmyndasjóðs, en um starfsemi þess skal sett sérstök reglugerð þar sem nánar skal kveðið á um verksvið safnsins og starfsemi.

Framkvæmdastjóri Kvikmyndasjóðs skal jafnframt vera forstöðumaður safnsins en fela skal a. m. k. einum af starfslíði sjóðsins að sinna sérstaklega málefnum safnsins.

8. gr.

Kvikmyndasafn skal safna íslenskum kvikmyndum og kvikmyndum um íslenskt efni, gömlum og nýjum, hverju nafni sem nefnast, og varðveita þær. Jafnframt aflar safnið sér eintaka (eftirgerða) af erlendum kvikmyndum sem hafa listrænt og kvikmyndasögulegt gildi.

Heimilt er að koma á skylduskilum kvikmynda samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð þar sem m. a. skal kveðið á um greiðslu kostnaðar við skylduskilin.

9. gr.

Kvikmyndasafn fær fé til starfsemi sinnar samkvæmt sérgreindri fjárveitingu í fjárlögum hverju sinni. Safninu er einnig heimilt að afla fjár með kvikmyndasýningum og útgáfustarfsemi eða öðrum viðlíka hætti.

Einnig er heimilt að veita fé til starfsemi safnsins úr Kvikmyndasjóði samkvæmt ákvörðun sjóðsstjórnar.

10. gr.

Menntamálaráðherra setur reglugerðir samkvæmt lögum þessum, að fengnum tillögum stjórnar Kvikmyndasjóðs.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og jafnframt falla úr gildi lög nr. 14/1978, um Kvikmyndasafn Íslands og Kvikmyndasjóð.

Lög þessi skulu endurskoðuð eigi síðar en að tveimur árum liðnum frá gildistöku þeirra.

Ákvæði til bráðabirgða.

Menntamálaráðherra er heimilt að setja reglur um kvikmyndastörf erlendra aðila á Íslandi að undangenginni ítarlegri athugun.

Gjört í Reykjavík, 30. maí 1984.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Ragnhildur Helgadóttir.

LÖG

um breyting á lögum nr. 18 11. maí 1977, sbr. lög nr. 45 11. maí 1982, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. töluliður 3. gr. laga nr. 18 11. maí 1977, um járnblendiverksmiðju í Hvalfirði, er breytt var með 1. gr. laga nr. 45 11. maí 1982, breytist svo sem hér segir:

Í stað orðanna „allt að jafnvirði 19 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum“ komi orðin: allt að jafnvirði 33 milljóna bandaríkjadollara í íslenskum krónum.